

um rannsókn á gerð nýrrar hafnar á suðurströndinni.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Guðlaugur Gíslason,  
Björn Fr. Björnsson, Garðar Sigurðsson og Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka hafnarmál Suðurlands og gera tillögur um nýja höfn á suðurströnd landsins.

Til að hefja rannsóknina og gera tillögur um framkvæmdir skal samgönguráðuneytið skipa nefnd fimm manna. Skal einn tilnefndur af sýslunefnd Árnassýslu, einn af sýslunefnd Rangárvallasýslu, einn af sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu, einn af bæjarstjórn Vestmannaeyja og einn af samgönguráðuneytinu án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

#### Greinargerð.

Á suðurströnd landsins er hafnleysi frá Hornafirði að Ölfusá. Hafnarbætur hafa verið gerðar á Stokkseyri og Eyrarbakka fyrir fiskibáta. Hafnarmannvirki þar veita enga aðstöðu fyrir stór skip til vöruflutninga eða fiskveiða. Athugun hefur leitt í ljós, að gera má góða höfn á Eyrarbakka eða Stokkseyri fyrir þá stærð skipa, sem notuð eru hér við land til fiskveiða eða venjulegra vöruflutninga.

Við Dyrhólaey hafa farið fram allmiklar rannsóknir á hafnargerð undanfarin ár. Hafa rannsóknir leitt í ljós, að hafnarstæði þar er að mörgu leyti gott. Vita- og hafnamálastjóri hefur látið gera kostnaðaráætlun um hafnargerð við Dyrhólaey, sem þjónað gæti fiskveiðum og vöruflutningum.

Enginn efast lengur um, að við Dyrhólaey er hægt að gera góða höfn, sem gæti orðið til mikilla hagsbóta fyrir Suðurland og þjóðina alla.

Í Þykkvabæ og við Þjórsárós hafa verið gerðar athuganir á hafnarstæði. Sérstaklega var vandað til athugana á hafnarstæði við Þykkvabæ. Var það á vegum varnarliðsins árið 1952, þegar stjórn Bandaríkjanna virtist hafa áhuga á því að gera flugvöll á Rangárvöllum og höfn í Þykkvabæ. Rannsóknir Bandaríkjamanna á hafnarstæði og gerð hafnar við Þykkvabæ voru ítarlegar. Uppdráttur var gerður af höfninni og nauðsynlegum hafnarmannvirkjum ásamt kostnaðaráætlun. Verkfræðingarnir, sem unnu verkið, höfðu orð á því, að hafnarstæðið við Þykkvabæ væri gott og aðstaða til hafnargerðar í betra lagi.

Á síðastliðnu sumri vann stjórnskipuð nefnd að athugun að hafnamálum á Suðurlandi vegna eldgossins í Vestmannaeyjum. Athugun þeirrar nefndar beindist ekki að gerð nýrrar hafnar, heldur að uppbyggingu Þorlákshafnar og Grindavíkurhafnar. Endurbætur og stækkun Þorlákshafnar er nauðsynleg framkvæmd, sem kemur mörgum að notum. En Þorlákshöfn leysir ekki þann vanda, sem af hafnleysinu leiðir á strandlengjunni frá Ölfusá að Dyrhólaey.

Flm. þáttill. telja nauðsynlegt að fá úr því skorið, hvar heppilegast og hagkvæmast er að gera nýja höfn á suðurströndinni. Um marga möguleika er að ræða, eins og áður er að vikið, en stofnkostnaður verður mikill, hvar sem höfninni verður valinn staður.

Í marga áratugi hefur verið rætt um hafnargerð við Dyrhólaey og á fleiri stöðum við suðurströndina, en af framkvæmdum hefur ekki orðið vegna vöntunar á fjármagni og erfiðrar aðstöðu.

Með nýjustu tækni er auðvelt að gera það, sem áður var talið óframkvæmanlegt. Má því segja, að viðhorf öll til hafnarframkvæmda hafi breyst á síðustu árum vegna tækni og aukinnar verkþekkingar.

Ákvörðun um stað fyrir nýja höfn á suðurströndinni mun byggjast á tæknilegum og hagkvæmnislegum útreikningum. Kostnaður við hafnargerðina og notagildi hennar verða ákvarðandi um staðarvalið.

Það er von flm., að till. fái góðar viðtökur og verði samþykkt á Alþingi. Rétt þykir, að sýslunefndir þriggja sýslna á viðkomandi svæði tilnefni sinn manninn hver í nefndina og Vestmannaeyjakaupstaður einn mann. Það er mikið hagsmunamál fyrir Vestmanneyinga vegna öryggis og samgangna, að ný höfn verði gerð á suðurströndinni, og því rétt, að þeir taki þátt í starfi nefndarinnar. Lagt er til, að samgrn. skipi einn mann án tilnefningar og að hann verði formaður nefndarinnar.

Nánar í framsögu.